

Nd.

715. Breytingartillaga

[222. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá Bjarna Guðnasyni.

2. gr. orðist svo:

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Farnanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og tveir kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og kosnir með sama hætti. Skipun stjórnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðstjórnar.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna.